

## FUNDARGERÐ

**Fundur nr. 20 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn þriðjudaginn 10. maí 2018 kl. 14:30 í fundarsal Hótel Vestmannaeyja.**

Mættir eru: Lúðvík Bergvinsson stjórnarformaður (LB), Grímur Gíslason (GG), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG), Birna Þórsdóttir (BÞ) og Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins (GEJ).

Ívar Torfason, skipstjóri (ÍT) kom inn á fundinn undir dagskrárlið 1. a.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fer munnlega yfir skýrslu sína.

#### a. Siglingar í Landeyjahöfn

ÍT upplýsir um að siglingar í Landeyjahöfn gangi vel og vel hafi tekist að halda áætlun skipsins sem nú siglir sjö ferðir á dag þó enn séu nokkrir hnökrar varðandi biðlista, nýtingu á bíladekki og farmflutninga sem hann telur að hægt sé að leysa. Starfsandinn um borð er góður og starfsfólk ánæggt með vaktafyrirkomulag og starfsmannafatnað.

GEJ tekur í sama streng og ÍT og telur að siglingar í Landeyjahöfn gangi vel.

#### b. Flutningar

##### i. Fólk

GEJ fer yfir að mikil fjölgun hafi verið á farþegum eftir að siglingar hófust í Landeyjahöfn.

##### ii. Farmur

##### 1. Reglur um frágang farms

GEJ upplýsir um að verið sé að vinna að skilmálum um fraktflutninga og frágang farms sem fluttur er með skipinu.

##### 2. „Mafíur“

GEJ upplýsir um að flutningavögnum sé ekið um borð í skipið af starfsmönnum félagsins gegn gjaldi skv. gjaldskrá félagsins um fraktflutninga.

#### c. Sjóðsstreymi

GEJ upplýsir um sjóðsstreymi félagsins.

#### d. Ástand fasteigna sem félagið leigir af Vegagerðinni og nauðsynlegar endurbætur.

GEJ fer yfir ástand og fyrirhugaðar endurbætur á fasteignum sem félagið leigir af Vegagerðinni.

e. Bókunarkerfi

GEJ upplýsir um endurbætur og viðbótum við bókunarkerfi, t.a.m. svokölluðum „mínum síðum“ þar sem hægt verður að vista upplýsingar, skoða bókanir, breyta þeim og fleira.

f. Siglingaáætlun

GEJ upplýsir að siglingar skv. áætlun gangi vel.

Stjórnarformaður þakkar framkvæmdastjóra góða yfirferð.

**2. Upplýsingar um fund með Vegagerðina varðandi Landeyjahöfn og næsta vetur.**

LB upplýsir um fund með Vegagerðinni þar sem rætt var um lokun Landeyjahafnar í síðasta vetur og mögulegar lausnir til að halda höfninni opinni næsta vetur.

**3. Upplýsingar um samræður við ferðamálasamtökum Vestmannaeyja varðandi mögulegt samstarf við markaðssetningu.**

LB upplýsir um fund með ferðamálasamtökum Vestmannaeyja þar sem m.a. var rætt um samstarf við markaðssetningu Vestmannaeyja þar sem fulltrúi stjórnar ætti sæti við stefnumótun markaðssetningarinnar.

Stjórnarformaður leggur til að PG verði fulltrúi stjórnar.

*Afgreiðsla:* Samþykkt samhljóða.

**4. Staðan á komu/afhendingu nýs Herjólfss**

LB upplýsir um stöðuna vegna komu/afhendingu nýja Herjólfss.

**5. Önnur mál.**

**5.1 Herjólfshöllin**

Stjórnarformaður leggur fram tillögu um að ganga til samninga við ÍBV um kalla knattspyrnuhúsið í Vestmannaeyjum Herjólfshöllina.

*Afgreiðsla:* Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:10

Fundargerð ritaði ABI, ritari stjórnar.